

Mál nr. 230/2018

**M og
váttryggingafélagið V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
váttryggingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B**

Árekstur á gatnamótum Miðvangs og Fagradalsbrautar á Egilsstöðum þann 2.7.2018.**Gögn.**

Málskot, móttakið 30.7.2018, ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, dags. 14.8.2018, ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, dags. 27.8.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Árekstur varð á gatnamótum Miðvangs og Fagradalsbrautar og vegs sem liggur frá verslun Nettó við Kaupvang á Egilsstöðum. A var ekið til norðurs eftir veginum frá Nettó að gatnamótum Fagradalsbrautar. B var ekið til suðurs eftir Miðvangi að gatnamótunum.

Í gögnum málsins segir að ökumaður A hafi verið búinn að bíða lengi vegna umferðar til að komast inn á Fagradalsbraut. Hann hafi lagt af stað um leið og hann taldi það óhætt, en ekki vitað fyrir en B hafi komið beint á mótí sér. Ökumaður A hafi verið að beygja til vinstri en B hafi verið ekið beint yfir gatnamótin. Ökumaður A hafi stöðvað um leið og hann sá B og hafi A verið kyrrstæð þegar áreksturinn varð.

Ökumaður B kvaðst hafa lagt af stað og ætlað beint yfir gatnamótin að bifreiðastæðum við Nettó. A hafi verið ekið inn á gatnamótin og tekið vinstri beygju á B.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins virðast aðilar helst deila um það hvort vegur sá sem A var ekið eftir og inn á gatnamótin teljist hafa verið hluti af bifreiðastæðum við Kaupvang eða vegur til almennrar umferðar í skilningi umferðarlaga, svo og hver skulu vera réttaráhrif þess að biðskylda var á Miðvangi gagnvart umferð á Fagradalsbraut en slík skylda hafi ekki hvílt á umferð á veginum sem A var ekið eftir að Fagradalsbraut. Hvað sem líður þessum ágreiningi liggur fyrir að A var ekið inn á gatnamótin og beygt áleiðis til vinstri í sömu andrá og B var ekið úr gagnstæðri átt áleiðis beint yfir téð gatnamót. Samkvæmt 6. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 ber ökumanni, þegar hann ætlar að beygja á gatnamótum, veita forgang þeirri umferð sem á mótí kemur. Með vísan til þessa ákvæðis bar ökumanni A að veita B, sem kom úr gagnstæðri átt, forgang yfir gatnamótin. Á þessu varð misbrestur hjá ökumanni A og ber hann því sök á árekstrinum. Ekki hefur hefur verið sýnt fram á samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum að áreksturinn megi rekja til atvika sem ökumaður B ber ábyrgð á. Er því ekki efni til að leggja á hann sök. Þá hefur fyrrgreindur ágreiningur aðila enga þýðingu varðandi skiptingu sakar eins og hér stendur á. Öll sök vegna árekstursins verður því lögð á ökumann A.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 18. september 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Jón Magnússon lögm.